

Reglugerð fyrir Sjúkrasjóð Stéttarfélags verkfræðinga

1. grein

Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Stéttarfélags verkfræðinga. Heimili hans og varnarþing er að Engjateig 9, 105 Reykjavík.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjóðsfélaga:

- með greiðslu dagpeninga og styrkja ef þeir missa vinnutekjur vegna sjúkdóma eða slysa.
- með greiðslum vegna fjárhagslegra áfalla sem þeir verða fyrir vegna sjúkdóma, andláts, eða slysa náinna skyldmenna.
- með greiðslu fæðingarorlofsdagpeninga til viðbótar launum úr fæðingarorlofssjóði. Þetta gildir einnig ef um er að ræða frumættleiðingu eða töku barns yngra en fimm ára í varanlegt fóstur.
- með framlögum til rannsókna og fyrirbyggjandi verkefna á sviði heilbrigðis- og öryggismála.
- með beinum greiðslum til sjóðsfélaga sem almennt stuðla að bættu heilsufari þeirra sem og vegna lækniskostnaðar.

Við andlát sjóðsfélaga greiðir sjóðurinn út dánarbætur og/eða styrki vegna útfararkostnaðar. Dánarbætur ganga til eftirlifandi maka eða sambýlings, sem og barna. Styrkur vegna útfararkostnaðar gengur til dánarbús hins látna.

Sjóðurinn getur varið fé til kaupa á sjúkra- og líftryggingum eða stofnað til samninga við aðra sjúkrasjóði sem leiði til hagsbóta fyrir sjóðsfélaga.

3. grein

Tekjur sjóðsins eru:

- 1) Lögboðin eða samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
- 2) Vaxtatekjur og annar arður.
- 3) Gjafir, framlög og styrkir.
- 4) Aðrar tekjur sem aðalfundur Stéttarfélags verkfræðinga (SV) kann að ákveða hverju sinni.

4. grein

Sjóðsfélagar eru þeir sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir.

Rétt til dagpeninga og áfallastyrkja úr sjóðnum eiga:

- 1) Þeir sem greitt hefur verið fyrir í sjúkrasjóðinn í að minnsta kosti sex mánuði áður en bótaréttur skapast.
- 2) Þeir sem verið hafa fullgildir aðilar að öðrum sjúkrasjóði undangengna sex mánuði og flutningur þeirra hefur verið samþykktur öðlast rétt sem nánar er kveðið á um í starfsreglum sjóðsins.
- 3) Aðrir þeir sem skemur hefur verið greitt fyrir til sjóðsins en undangengna sex mánuði áður en bótaréttur skapast, eiga rétt á hlutfallslegum greiðslum úr sjóðnum.

Rétt til fæðingarorlofsdagpeninga eiga þeir sem rétt eiga á dagpeningum, auk þess að hafa a.m.k. 12 mánaða samfellda aðild að Sjúkrasjóði SV fyrir töku fæðingarorlofs.

Réttur til dánarbóta og útfararstyrkja :

- 1) Rétt til greiðslna eiga makar eða sambýlingar, sem og börn þeirra sem greitt hefur verið fyrir í sjúkrasjóðinn í að minnsta kosti tólf mánuði áður en andlát ber að höndum. Útfararstyrkur gengur í dánarbú hins látna.
- 2) Ef greitt hefur verið til sjóðsins skemur en í 12 mánuði samfelld áður en greiðsla er hætt þá skapast réttur til hlutfallslegra greiðslna úr sjóðnum.
- 3) Réttur þessi gildir í tólf mánuði eftir að greiðslu í sjúkrasjóðinn er hætt. Að þessum 12 mánuðum liðnum og næstu 4 árin skerðist réttur til bóta/styrkja síðan hlutfallslega og fellur niður að þeim tíma liðnum.

Réttur til annarra styrkja, svo sem fyrirbyggjandi aðgerða og verkefna sem stuðla að bættu heilsufari sjóðsfélaga er nánar útfærður í starfsreglum sjóðsins.

Stjórn sjúkrasjóðs er heimilt að samþykkja endurnýjaðan rétt til greiðslna úr sjóðnum til þeirra sem verið hafa frá vinnu af heilsufarsástæðum eða vegna barnsburðar, náms og starfsþjálfunar í allt að 24 mánuði.

5. grein

Heimilt er að ávaxta sjóðinn með eftirfarandi hætti:

- 1) Með ávöxtun hjá bönkum og sparisjóðum.
- 2) Með kaupum á ríkistryggðum verðbréfum eða skráðum skuldabréfum með sambærilegum tryggingum.
- 3) Með kaupum í fasteignum tengdum starfsemi sjóðsins.
- 4) Með öðrum þeim hætti sem stjórn sjóðsins metur tryggan, að undangengu samþykki stjórnar SV.

6. grein

Dagpeningar og fæðingarorlofsdagpeningar skulu vera hundraðshluti af launum og við ákvörðun greiðslna er miðað við meðalinnborgun í sjóðinn síðustu 12 mánuði áður en réttur til dagpeninga skapast, enda hafi þær verið fast hlutfall af launum.

Þegar alvarleg veikindi, slys eða dauðsfall ber að höndum sem sjóðsstjórn metur til fjárhagslegs eða atvinnulegs tjóns fyrir heimili sjóðsfélaga er heimilt að veita viðkomandi sérstakan styrk.

Ennfremur er sjóðsstjórn heimilt að greiða sjóðsfélaga styrk vegna örorku eða ellihrumleika samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni.

Við mat á styrkpörf samkvæmt þessari grein skal meðal annars taka tillit til atvinnutekna, bótatekna frá almannatryggingum, skaðabótakrafna og sjúkrabóta, fjölskyldustærðar og annarra heimilisaðstæðna.

7. grein

Sjóðsstjórn er heimilt að veita fé til fyrirbyggjandi aðgerða er stuðla að bættu heilsufari sjóðsfélaga svo og til rannsókna og fyrirbyggjandi verkefna á sviði heilbrigðis- og öryggismála samkvæmt nánari útfærslu í starfsreglum. Styrkir vegna þessarar greinar starfsreglna eru veittir gegn framvísun reikninga sem sýna útlagðan kostnað sjóðfélaga. Hámark árlegrar styrkuppþæðar nemur 50% af árs iðgjöldum viðkomandi sjóðfélaga. Heimilt er að safna upp iðgjöldum þriggja ára til styrkja samkvæmt þessari grein.

8. grein

Sjóðsstjórn er heimilt að veita eða semja um tryggingar vegna félagsmanna SV og fjölskyldu hans.

9. grein

Sá sem óskar greiðslu úr sjóðnum og uppfyllir skilyrði 4. greinar skal leggja fram skriflega umsókn til sjóðsins ásamt læknisvottorði og upplýsingum um hvenær samningsbundinni eða lögboðinni launagreiðslu atvinnurekanda lauk.

Réttur til greiðslu úr sjóðnum fyrnist sé ekki sótt um hann innan 12 mánaða frá því er bótaréttur skapast. Þetta á ekki við um dánarbætur og útfararstyrki.

10. grein

Stjórn sjóðsins setur starfsreglur fyrir sjóðinn sem samþykkja skal af stjórn SV. Stjórn sjóðsins og starfsmenn hans skulu fara með allar umsóknir um afgreiðslu úr sjóðnum sem trúnaðarmál. Afgreiðsla sjóðsins skal vera á skrifstofu SV.

11. grein

Stjórn sjóðsins skal ávallt gæta þess að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjóðsins fá óháðan tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Einnig er sjóðsstjórn skuldbundin til að leggja í slíkt mat við allar meiriháttar breytingar á starfsreglum. Mat þetta skal lagt fyrir stjórn SV.

Þegar farsóttir geisa getur sjóðsstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur sjóðsstjórn ákveðið að lækka um stundarsakir upphæð dagpeninga ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

12. grein

Stjórn SV skipar stjórn sjúkrasjóðs á fyrsta fundi eftir aðalfund og ákveður þóknun stjórnarmanna sjóðsins. Sjóðsstjórnin skal skipuð þremur sjóðsfélögum og skiptir hún með sér verkum. Hætti stjórnarmaður sjóðsins skal stjórn SV skipa nýjan mann í hans stað. Framkvæmdastjóri SV skal sitja stjórnarfundi og vera starfsmaður sjúkrasjóðsins.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á úthlutun greiðslna úr sjóðnum gagnvart SV.

13. grein

Framkvæmdastjóri SV ber ábyrgð á daglegri umsýslu sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal bera undir stjórn SV allar fjárskuldbindingar umfram hámarksréttindi einstakra sjóðsfélaga skv. reglugerð.

Sjúkrasjóður greiðir allt að 10% af tekjum sínum til SV vegna umsýslu og þóknunar.

Reikningar sjóðsins skulu lagðir áritaðir fyrir aðalfund SV. Endurskoðendur Stéttarfélags verkfræðinga eru jafnframt endurskoðendur Sjúkrasjóðs SV. Reikningsár sjúkrasjóðsins er það sama og félagssjóðs SV.

14. grein

Breytingar á reglugerð þessari skulu samþykktar af stjórn SV.

Reglugerð þessi var upphaflega samþykkt á 845 stjórnarfundi í stjórn stéttarfélags verkfræðinga þann 08. september 1992.

Breytingar hafa verið gerðar á henni á eftirfarandi stjórnarfundum.

949. fundi stjórnar Stéttarfélags verkfræðinga 29.8 1995

992. fundi stjórnar Stéttarfélags verkfræðinga 7.10 1997

1042. fundi stjórnar Stéttarfélags verkfræðinga 18.4 2000.

1071. fundi stjórnar Stéttarfélags verkfræðinga 11.12 2001

1100. fundi stjórnar Stéttarfélags verkfræðinga 24.6 2003

1112. fundi stjórnar Stéttarfélags verkfræðinga 9.3 2004

1177. fundi stjórnar Stéttarfélags verkfræðinga 26.6 2007